



## **B. Fasteignagjöld**

### **A-flokkur.**

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,50% af heildar fasteignamati.

### **B-flokkur**

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.32 % af heildar fasteignamati.

### **C-flokkur.**

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3. Gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7 febrúar 2006. Samkvæmt 3. Grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af örðum, tekjuviðmið er í lið 7.

Samkvæmt tekjuviðmiðinu fá einstaklingar 67 ára og eldri með tekjur allt að 2.349.671 kr, 100 % afslátt af fasteignagjöldum.

Sambúðarfólk með tekjur allt að 3.579.111 kr, 100 % afslátt.

Afsláttur fasteignagjalda ellilífeyrisþega lækkar í þrepum að tekjum einstaklinga allt að 3.192.724 kr og 4.766.895 kr. Framlagt tekjuviðmið samþykkt samhljóða